

20

14. febr.

L Ö G

um samkomudag reglulegs Alþingis 1951.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1951 skal koma saman fyrsta dag októbermánaðar, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. febrúar 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

21

19. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað 17. og 18. (fyrir áorðnar breytingar 19. og 20.) tölul. 1. gr. laganna komi einn liður, svo hljóðandi:

19. *Súðavíkurhérað:* Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur, Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur, Snæfjallahreppur, Grunnavíkurhreppur og Sléttuhreppur. Læknissetur í Súðavík.

Íbúar héraðsins utan Súðavíkurhrepps eiga þó jöfnum höndum tilkall til héraðslæknis á Ísafirði.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1952.

Gjört í Reykjavík, 19. febrúar 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.